

Sp.

109. Tillaga til þingsályktunar

um brúargerð á Hólsá.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Helgi Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún láti á sumri komanda gera brú á Hólsá milli Vestur-Landeyja og Þykkvabæjar, og heimilar fé úr ríkissjóði til þess.

Greinargerð.

Eins og nú er komið, eru samgöngurnar orðnar undirstaðan undir athafnalífi og framleiðslustarfi sveitanna, og má segja, að þær sveitir, sem mjög eru afskiptar í þeim efnum, séu sem óðast að verða óbyggilegar og leggjast í auðn, hversu góð sem skilyrðin eru þar að öðru leyti. Fólksfæðin, sem nú er á flestum sveitaheimilum, á einnig sinn þátt í því að torvelða mjög búskap, þar sem erfitt er að ná til sæmilegs vegasambands með afurðir sínar.

Á Suðurlandsundirlöndinu eru Vestur-Landeyjar — eða mikill hluti þeirra a. m. k. — áreiðanlega ein sú sveit, sem langsamlega er afskiptust í þessu efni. Er sveitin þó góð frá náttúrunnar hendi og mörg ákjósanleg skilyrði til búnaðar þar. — Vegasamband er þarna mjög ófullkomið, svo að oft teppast samgöngur með öllu, jafnvel mánuðum saman. Eru annars vegar aðeins troðningar upp á aðalþjóðveginn hjá Hemlu, en hins vegar Hólsá, sem er ferjuvatn, ef reynt er að ná vegasambandi á Þykkvabæjarveginn, sem er að miklum mun skemmra fyrir syðri hluta sveitarinnar.

Búendur á þessu svæði hafa nú séð, að erfitt verður að haldast þarna við, þótt bújarðir séu margar ágætar, ef á þessu fæst engin bót ráðin hið bráðasta. Hafa þeir því sjálfir hafizt handa og sent áskoranir til þingsins um, að þessu verði komið í verk nú á sumri komanda, og bjóðast jafnframt til að leggja fram vinnu sjálfir í stórum stíl og einnig sjá um mikinn hluta efnisins, ef örðugleikar eru á útvegum þess. En þetta tvennt er talið, að torveldi einkum nú slíkar framkvæmdir sem hér um ræðir: Skortur vinnuafis og efnis.

Eins og nú er um fjárhagsafkomu ríkisins, verður að telja því fé heppilega varið nú á tímum, sem fer til að tryggja það tvennt, að halda fólki áfram við framleiðslustörf í sveitunum og halda íslenskum vinnukrafti að umbótum á sínu eigin landi.